

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Ísafjarðarbæ.

Á fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 2. september 2004 var samþykkt deiliskipulag af virkjunarsvæði fyrir Tunguárvirkjun í Tungudal í Skutulsfirði.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir 225 fermetra byggingarreit á 400 fermetra lóð fyrir stöðvarhús ásamt aðkomu að lóðinni. Raflína að (loftlína) neðan við gangnamunna að stöðvarhúsi verður sett í jörð samsíða vatnslögn.

Deiliskipulagið hefur verið sent Skipulagsstofnun til yfirferðar og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Ísafirði, 24. janúar 2005.

Stefán Brynjólfsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

GJALDSKRÁ

fyrir hreinsun og tæmingu rotþróa í Borgarfjarðarsveit.

1. gr.

Sveitarstjórn Borgarfjarðarsveitar er heimilt, í samræmi við 4. gr. samþykktar nr. 225/2001 um notkun og hreinsun rotþróa í Borgarfjarðarsveit, að leggja á sérstakt gjald vegna hreinsunar og tæminga rotþróa í Borgarfjarðarsveit.

2. gr.

Gjaldið er árlega, sem hér greinir:

<i>Rotþró</i>	<i>kr.</i>
minni en 2000 l	3.620
2000 – 4000 l	4.225
4000 – 6000 l	5.010

Fyrir rotþrær stærri en 6000 l er innheimt samkvæmt reikningi kr. 2.415 á rúmmetra við losun.

Þurfi að nota barka lengri en 50 m er innheimt álag við hverja losun kr. 4.830.

Þurfi að fara aukaferð (tæma utan reglubundinnar yfirferðar) er innheimt 50% álag á tæmingargjald.

Gjaldið verður endurskoðað árlega, þ.e. 1. janúar ár hvert og breytist í samræmi við eftirtaldar vísitölur. Gjaldið mun að hálfum hluta fylgja vísitölu byggingarkostnaðar (08 Vélavinnna, akstur og uppfylling) og að hálfum hluta launavísitölu. Byggingarvísitala 08, desembermánaðar 2004 er lögð til grundvallar og er hún 377,8 stig og launavísitala októbermánaðar 2004 er lögð til grundvallar og er hún 253,2 stig.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Borgarfjarðarsveitar með stoð í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarmir og öðlast þegar gildi. Gjaldskrá